

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/1096**

2022/EES/34/85

frá 21. apríl 2021

**um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 að því er varðar ákvæði um
merkingu á blöndum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 50. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (ESB) 2019/787 var orðalagi tiltekinna ákvæða um framleiðslu og merkingar, sem varða brennda drykki og matvæli sem eru framleidd með því að nota brennda drykki sem innihaldsefni, breytt verulega.
- 2) Einkum er gildissvið ákvæða um merkingar rýmkað með 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 að því er varðar samsetningar sem brenndir drykkir, sem uppfylla ekki kröfurnar fyrir neinn flokk brenndra drykkja, eru gerðir úr þannig að þau ná yfir blöndur sem verða til með því að blanda saman brenndum drykkjum sem tilheyra mismunandi landfræðilegum merkingum eða með því að blanda brenndum drykkjum, sem tilheyra landfræðilegum merkingum, saman við brennda drykki sem ekki tilheyra neinni landfræðilegri merkingu.
- 3) Af þessum sökum, samkvæmt 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 mega lögheiti, sem kveðið er á um í flokkum brenndra drykkja sem settir eru fram í I. viðauka við þá reglugerð, eða landfræðilegar merkingar fyrir brennda drykki eingöngu koma fram á skrá yfir áfeng innihaldsefni sem birtist á sama sjónsviði og lögheiti brennda drykkjarins. Þetta þýðir að fyrir blöndu, sem fellur undir þetta ákvæði, má ekki nota þann flokk brenndra drykkja sem blandan tilheyrir sem lögheiti hennar. Eina undantekningin sem kveðið er á um í þeirri grein varðar blöndur sem gerðar eru úr brenndum drykkjum sem tilheyra sömu landfræðilegu merkingunni eða blöndur þar sem enginn brenndu drykkjanna tilheyrir landfræðilegri merkingu. Þetta þýðir, að því er varðar þessar blöndur, að nota megi viðkomandi flokk brenndra drykkja sem lögheiti í lýsingu, kynningu og merkingu þeirra.
- 4) Samkvæmt skilgreiningum sem kveðið er á um í 11. og 12. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 eru blöndur þó samsetning tveggja eða fleiri brenndra drykkja sem tilheyra sama flokki og eru greinanlegir hver frá öðrum einungis á grundvelli lítills háttar mismunar í samsetningu. Af þessum sökum falla brenndir drykkir, sem þannig fást, undir sama flokk og upphaflegu brenndu drykkirnir gerðu fyrir blöndun. Í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um að brenndir drykkir sem uppfylla kröfurnar fyrir flokk brenndra drykkja sem settur eru fram í I. viðauka við þá reglugerð skuli bera heiti þess flokks sem lögheiti. Í samræmi við þá kröfu er heimilt að nota heiti flokksins sem blöndur tilheyra sem lögheiti fyrir allar blöndur en ekki einungis fyrir blöndur sem eru undanskildar með fjórðu undirgrein 3. mgr. 13. gr. þeirrar reglugerðar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 238, 6.7.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1.

- 5) Til að leiðrétta ósamræmið milli merkingarskyldna fyrir blöndur sem leiðir af 2. mgr. 10. gr. og 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 og til að tryggja réttaröryggi fyrir framleiðendur brenndra drykkja og lögmætar upplýsingar fyrir neytendur þykir rétt að skýra nánar sértæku ákvæðin um merkingu sem gilda um blöndur, þ.m.t. blöndur sem fást með því að blanda saman brenndum drykkjum sem tilheyra mismunandi landfræðilegum merkingum eða með því að blanda brenndum drykkjum, sem tilheyra landfræðilegum merkingum, saman við brennda drykki sem ekki tilheyra neinni landfræðilegri merkingu. Einnig er nauðsynlegt að breyta 3. mgr. 3. gr. og 7. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar þar sem vísað er til þessara sértæku ákvæða um merkingu.
- 6) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2019/787 til samræmis við það.
- 7) Í samræmi við 3. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 og til að koma í veg fyrir reglusetningarlegt tómarúm ætti þessi reglugerð að gilda afturvirktt frá og með 25. maí 2021.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) 2019/787 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 3. liðar 3. gr. kemur eftirfarandi:

„3) „óbein tilvitnun“: bein eða óbein tilvísun til eins eða fleiri lögheita sem eru gefin upp í flokkum brenndra drykkja sem eru settir fram í I. viðauka eða til einnar eða fleiri landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, annarra en tilvitnana í samsettu hugtaki eða skrá yfir innihaldsefni, eins og um getur í 2. til 4. mgr. 13. gr., í lýsingu, kynningu eða merkingu á:

- a) matvælum, öðrum en brenndum drykkjum, eða
- b) brenndum drykk sem uppfyllir kröfurnar í flokkum 33 til 40 í I. viðauka.“

- 2) Í stað fyrstu undirgreinar 7. mgr. 10. gr. kemur eftirfarandi:

„7. Með fyrirvara um 11. og 12. gr. og 13. gr. (2. til 4. mgr.) skal banna notkun lögheitanna sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar eða landfræðilegra merkinga í lýsingu, kynningu eða merkingu allra drykkja sem uppfylla ekki kröfurnar fyrir viðkomandi flokk sem settur er fram í I. viðauka eða fyrir viðkomandi landfræðilega merkingu. Bannið skal einnig gilda ef slík lögheiti eða landfræðilegar merkingar eru notuð í tengslum við orð eða setningar s.s. „gerð“, „tegund“, „áþekkur“, „framleiddur“, „bragð“ eða einhver önnur svipuð hugtök.“

- 3) Ákvæðum 13. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Ef um er að ræða samsetningu mega lögheiti, sem kveðið er á um í flokkum brenndra drykkja sem settir eru fram í I. viðauka, eða landfræðilegar merkingar fyrir brennda drykki eingöngu koma fram á skrá yfir áfeng innihaldsefni sem birtist á sama sjónsviði og lögheiti brennda drykkjarins.

Í þeim tilvikum sem um getur í fyrstu undirgrein skal skránni yfir áfeng innihaldsefni fylgja a.m.k. eitt þeirra hugtaka sem um getur í e-lið 6. mgr. 10. gr. Skráin yfir áfeng innihaldsefni og meðfylgjandi hugtak skulu birtast saman á sama sjónsviði og lögheiti samsetningarinnar, með samræmdum bókstöfum í sömu leturgerð og lit og í leturstærð sem er ekki stærri en helmingurinn af leturstærðinni sem notuð er fyrir lögheitið.

Auk þess skal hlutfall hvers áfengs innihaldsefnis í skránni yfir áfeng innihaldsefni gefin upp a.m.k. einu sinni sem hundradshluti, í lakkandi röð miðað við notað magn. Þetta hlutfall skal svara til hundradshlutans af hreinu alkóhóli, miðað við rúmmál, sem hlutdeild þess er í heildarinnihaldi af hreinu alkóhóli í samsetningunni, miðað við rúmmál.“

- b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„3a Ef um er að ræða blöndu skal brenndi drykkurinn bera lögheitið sem kveðið er á um í viðkomandi flokki brenndra drykkja sem settur er fram í I. viðauka.

Ef um er að ræða blöndur sem fást með því að blanda saman brenndum drykkjum sem tilheyra mismunandi landfræðilegum merkingum eða með því að blanda brenndum drykkjum, sem tilheyra landfræðilegum merkingum, saman við brennda drykki sem ekki tilheyra neinni landfræðilegri merkingu gilda eftirfarandi skilyrði:

- a) lögheitin, sem sett eru fram í I. viðauka, eða landfræðilegar merkingar sem eiga við um brenndu drykkina sem blandan inniheldur mega koma fram í lýsingu, kynningu eða merkingu blöndunnar, að því tilskildu að heitin komi fram:
 - i. eingöngu á skrá yfir öll áfeng innihaldsefni sem blandan inniheldur og skulu koma fram með samræmdum bókstöfum í sömu leturgerð og í sama lit og í leturstærð sem er ekki stærri en helmingurinn af leturstærðinni sem notuð er fyrir lögheitið og
 - ii. á sama sjónsviði og lögheiti blöndunnar a.m.k. einu sinni,
- b) skránni yfir áfeng innihaldsefni skal fylgja a.m.k. eitt þeirra hugtaka sem um getur í d-lið 6. mgr. 10. gr.,
- c) hlutfall hvers áfengs innihaldsefnis í skránni yfir áfeng innihaldsefni skal gefið upp a.m.k. einu sinni sem hundraðshluti, í lækkandi röð miðað við notað magn. Þetta hlutfall skal svara til hundraðshlutans af hreinu alkóhóli, miðað við rúmmál, sem hlutdeild þess er í heildarinnihaldi af hreinu alkóhóli í blöndunni, miðað við rúmmál.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 25. maí 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. apríl 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.